



Fréttabréf 4

13. desember 2010

4. tbl. skólaárið 2010 — 2011

**Ágætu foreldrar og forráðamenn
nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi**

Nú stýttist mjög í jólafríið en það hefst að aflokinni jólaskemmtun á föstudaginn kemur, þann 17. des. Verður þetta bréf því helgað jólnum og upphafi skólastarfs á nýju ári.

1. Litlu jólin

Litlu jólin verða haldin hátíðleg í skólanum og íþróttamiðstöðinni föstudaginn 17. des. Hefst dagurinn í skólanum kl. 9 en þá mæta nemendur til sinna umsjónarkennara og eru þá haldin s.k. stofujól með hátíðlegum blæ. Kl. 10:30 hefst svo stutt dagskrá í íþróttasalnum þar sem m.a. verður sýndur helgileikur. Síðan er gengið í kring um jólatréð í nokkra stund en dagskránni lýkur svo um kl. 12. Allir eru velkomnir til þessarar skemmtunar. Tómstundaskólinn er opinn fyrir nemendur 1.-4. bekkja sem á þurfa að halda og eru forráðamenn beðnir um að tilkynna fyrirfram um þá nemendur sem þar verða að aflokinni jólaskemmtun. Skólabíll fer úr Bjargslandi kl. 8:40 og til baka að aflokinni skemmtun um kl. 12.

2. Kennsla eftir áramót

Kennsla hefst aftur að afloknu jólafríi þriðjudaginn 4. janúar skv. stundaskrá. Tómstundaskólinn er opinn mánudaginn 3. janúar frá kl. 8 til kl. 16. Láta þarf forstöðumann vita um þá sem koma til með að dvelja þar þann dag. Síminn í Tómstundaskólanum er 437-2035 og netfang forstöðumanns joninahe@grunnborg.is.

3. Útivist

Skólinn hefur komið sér upp töluverðu af skautum sem hægt er að nota þegar skilyrði til skautaiðkunar eru góð. 5. bekkur fór um daginn á skauta og eru myndir frá þeirri ferð á heimasíðu skólans. Foreldrafulltrúar í bekkjum geta haft skautaferð í huga þegar verið er að skipuleggja viðburði á vegum foreldra með nemendum.

4. Samræmd próf

Núna í vikunni fá nemendur 4., 7. og 10. bekkja í hendur úrlausnir sínar úr samræmdu prófunum sem þeir tóku í haust. Meðaleinkunnir skólans verða birtar á heimasíðu innan tíðar.

Jólaeveðja

Starfsfólk skólans óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs um leið og við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða. Vonandi verður komandi ár okkur öllum gjöfult og gott.

Með bestu kveðjum

Kristján Gíslason skólastjóri

